

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. desember 1972

um breytingu á tilskipunum frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, útsæðiskartaflna, tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja og tilskipunum frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja og sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði

(72/418/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem fram koma hér á eftir ætti að breyta ákveðnum ákvæðum þeirra tilskipana sem hér er vísað til, eins og þeim var síðast breytt með tilskipun frá 20. júlí 1972 ⁽¹⁾: tilskipunum ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja, ⁽²⁾ fódurjurtafræja, ⁽³⁾ sáðkorns, ⁽⁴⁾ útsæðiskartaflna ⁽⁵⁾; tilskipun ráðsins frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁶⁾; tilskipunum ráðsins frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽⁷⁾ og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ⁽⁸⁾.

Nauðsynlegt er að kveða á um að við ákveðnar aðstæður skuli kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræi og -jurtum, sem leyfilegt er að markaðssetja í aðildarríkjunum í sam-

ræmi við fyrrnefndar tilskipanir, ekki lengur að vera háð markaðshindrunum milli ríkjanna.

Beiting þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í fyrrnefndum tilskipunum til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnfræja og -jurta eða vottaðra fræja og jurta hefur leitt í ljós að auðveldara væri að leysa vandann með því að samþykkja, auk fræja og jurta í lægri gæðaflokki, fræ og jurtir af afbrigðum og stofnum sem eru ekki í sameiginlegu skránni eða innlendri skrá yfir afbrigði og stofna.

Beiting fyrrnefndra tilskipana hefur valdið erfiðleikum við innflutning fræja og jurta til aðildarríkjanna þar eð lýsingar þær sem krafist er af innflytjanda eru mismunandi eftir ríkjum og því þyrfti að samræma þær.

Breyta ætti upplýsingum, einkum um magn, á merkimiðum um ákveðinna frætegunda sem taldar eru upp í fyrrnefndum tilskipunum, og í staðinn fyrir skjal sem sett er inn í umbúðirnar ætti að samþykkja notkun límmiða fyrir allar tegundir.

Fræ sem á að nota til að rækta skautjurtir ætti að vera undanskilið beitingu tilskipunarinnar um markaðssetningu sáðkorns, á sama hátt og tekið er fram í öðrum svipuðum tilskipunum.

Í tilskipun um markaðssetningu útsæðiskartaflna er þörf á sérstakri aðlögun ákvæða um þökkun og flokkun þar eð fyrirhugaðar athuganir ættu einnig að ná til ákveðinna skaðlegra og hættulegra lífvera.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 171, 29. 7. 1972, bls. 37.⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.⁽⁷⁾ Stj. tíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.⁽⁸⁾ Stj. tíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

Komið hefur í ljós að nauðsynlegt er að leyfa innanlands á aðlögunartímabili sem lýkur 1975 staðlaða stofna matjurtafræja sem hvorki eru viðurkenndir opinberlega innanlands né í bandalaginu. Auk þess ætti að vera kleift frá 1977 að gera niðurstöður opinberra athugana að skilyrði fyrir samþykki stofna.

Fræ ákveðinna tegunda sem falla undir ákvæði tilskipunarinnar um markaðssetningu matjurtafræja skipta engu máli fyrir sum aðildarríkin enda þótt óverulegt magn þeirra sé ræktað í þeim eða að minnsta kosti sett á markað. Þess vegna ættu ákveðnar tegundir að vera undanþegnar ákvæðum tilskipunarinnar og aðildarríkin leyst undan þeirri kvöð að beita þeim hvað varðar fræ annarra tegunda.

Nauðsynlegt er, fyrir allar tegundir sem eru samþykktar fyrir 1. júlí 1972 í samræmi við aðrar meginreglur en þær sem settar eru í tilskipuninni um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði, að veita nógu langan frest til að hægt sé að markaðssetja fræ og jurtir þessara afbrigða og stofna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja breytist sem hér segir:

1. Í stað seinni málslíðar b-liðar 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki eða notaður er límmiði í samræmi við ákvæði a-liðar.“

2. Við 14. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar 3. mgr. 3. gr. skulu tryggja að kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræi sé ekki háð neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,

- a) ef það hefur staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnfræs,
- b) ef umbúðir þess eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og
- c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar:
 - vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra
 - tilvísunarnúmer vörueiningar
 - tegund
 - stofn
 - merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“
 - fjöldi fyrri ættliða fræs úr flokknum „vottað fræ“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

3. Í stað 1. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnfræja eða vottaðra fræja í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmæðferðina í 21. gr., að leyfa í tiltekinn tíma sölu fræja í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða fræstofna sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skráum yfir stofna.“

4. 19. gr. verði 1. mgr. 19. gr.

5. Við 19. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af fræjum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi er sett á markað:

- a) tegund
- b) stofn
- c) flokkur
- d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar

- e) sendingarland — tilvísunarnúmer vörueningar
- f) innflytjandi — tegund
- g) magn. — stofn
- Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“
- merkingin „af ætlið á undan stofnfræi“
- fjöldi ætliða fræs úr flokknum „vottað fræ“ á undan fyrstu ræktun.
6. Í stað 8. tölul. A-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:
- „8. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi korna.“
2. gr.
- Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“
4. Í stað 1. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnfræja, vottaðra fræja eða sölufræja í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., að leyfa í tiltekinn tíma sölu fræja í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða fræstofna sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skránni yfir stofna.“
5. 19. gr. verði 1. mgr. 19. gr.
6. Við 19. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af fræjum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi er sett á markað:
- a) tegund
- b) stofn
- c) flokkur
- d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar
- e) sendingarland
- f) innflytjandi
- g) magn.
- Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“
- Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja breytist sem hér segir:
1. 3. mgr. 2. gr. falli niður.
2. Í stað seinni málsliðar b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:
- „Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki eða notaður er límmiði í samræmi við ákvæði a-liðar.“
3. Við 14. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „3. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar 5. mgr. 3. gr. skulu tryggja að kynbætt fræ af ætliðum á undan stofnfræi sé ekki háð neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,
- a) ef það hefur staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnfræs,
- b) ef umbúðir þess eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og
- c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar:
- vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra

3. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns breytist sem hér segir:

1. Í stað inngangsorða A-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„A. Korn: jurtir eftirtalinna tegunda sem eiga að vera til framleiðslu í landbúnaði eða garðyrkju en ekki til framleiðslu á skrautjurtum.“

2. Í stað seinni málsliðar b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki eða notaður er límmiði í samræmi við ákvæði a-liðar.“

3. Við 14. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar 4. mgr. 3. gr. skulu tryggja að kynbætt sáðkorn af ættliðum á undan stofnsáðkorni sé ekki háð neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,

a) ef það hefur staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnsáðkorns,

b) ef umbúðir þess eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og

c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar:

— vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra

— tilvísunarnúmer vörueiningar

— tegund

— afbrigði

— merkingin „af ættlið á undan stofnsáðkorni“

— fjöldi fyrri ættliða sáðkorns úr flokkunum „vottað sáðkorn“ eða „vottað sáðkorn af fyrstu ræktun“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

4. Í stað 1. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnsáðkorns eða vottaðs sáðkorns af öllum tegundum í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., að leyfa í tiltekinn tíma sölu sáðkorns í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða afbrigða sáðkorns sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nýttjurtu í landbúnaði eða í innlendum skránni yfir afbrigði.“

5. 19. gr. verði 1. mgr. 19. gr.

6. Við 19. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af sáðkorni frá öðru aðildarríki eða þriðja landi er sett á markað:

a) tegund

b) afbrigði

c) flokkur

d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar

e) sendingarland

f) innflytjandi

g) magn.

Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“

7. Í stað 8. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„8. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi korna.“

8. Í stað 5. tölul. b-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„5. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi korna.“

4. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna breytist sem hér segir:

1. Í stað annars málsliðar 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Fyrir hnýði sem eru of stór til að komast í gegnum ferhyrnda möskva af stærðinni 35 X 35 mm skal tákna efri og neðri stærðarmörkin með margfeldi af fimm.“

2. Við 7. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„4. Aðildarríkjunum er heimilt

a) að beita ákvæðum annars hluta fyrsta málsliðar 1. mgr. að því er varðar önnur afbrigði en þar er vísað til;

b) hækka leyfileg frávik frá hámarksstærð hnýða í vörusendingu.“

3. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnútsæði og vottað útsæði sé eingöngu markaðssett í nægilega einsleitum vörusendingum og í ílátum eða umbúðum sem skal vera lokað og vera með lokunarbúnaði og merkingum eins og mælt er fyrir um í 9. og 10. gr. Umbúðirnar skulu vera nýjar og ílátin hrein.“

4. Í 1. mgr. 9. gr. bætist orðin „ílátum og“ á undan orðinu „umbúðum“ og orðin „ílátin eða umbúðirnar“ koma í stað orðsins „þær“.

5. Í 1. mgr. 10. gr. bætist orðin „ílát og“ á undan orðinu „umbúðir“ og í 11. gr. orðin „ílátum eða“ á undan orðinu „umbúðum“.

6. Í 12. gr. komi orðin „utan á ílátinu eða utan á umbúðunum eða innan á þeim“ í stað orðanna „utan á umbúðunum eða innan á þeim“.

7. Í 1. mgr. 13. gr. bætist orðin „ílátum eða“ á undan „umbúðum“.

8. Við 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„4. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar B-hluta 4. mgr. 3. gr. skulu tryggja að kynbættar útsæðiskartöflur af ættliðum á undan stofnútsæði séu ekki háðar neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,

a) ef þær hafa staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnútsæðis,

b) ef umbúðir þeirra eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og

c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtalдар upp-lýsingar:

— vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra

— kenninúmer framleiðanda eða tilvísunarnúmer vörueiningar

— tegund

— afbrigði

— merkingin „af ættlið á undan stofnútsæði“

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

9. Í stað 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnútsæðis eða vottaðs útsæðis í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr., að leyfa í tiltekinn tíma sölu útsæðiskartaflna í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða útsæðiskartaflna af afbrigðum sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skráum yfir afbrigði.“

10. 18. gr. verði 1. mgr. 18. gr.

11. Við 18. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af útsæðiskartöflum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi eru settar á markað:

- a) tegund
- b) afbrigði
- c) flokkur
- d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar
- e) sendingarland
- f) innflytjandi
- g) magn.

Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.“

12. Við I. viðauka bætist eftirtaldir liðir:

„5. Jarðvegurinn má ekki vera sýktur af heterodera rostochiensis Woll.

6. Ræktunin skal vera hrein af

- a) *Synchytrium endobioticum* (Schilb.) Perc.
- b) *Corynebacterium sepedonicum* (Spieck. og Koth.) Skapt. og Burkh.“

13. Í II. viðauka komi bókstafurinn „A“ á undan orðinu „Vikmörk“.

14. Við II. viðauka bætist eftirfarandi:

„B. Útsæðiskartöflur skulu vera hreinar af *Heterodera rostochiensis*, *Synchytrium endobioticum*, *Corynebacterium sepedonicum* og *Pseudomonas solanacearum*.“

5. gr.

Tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olú- og trefjajurtafræja breytist sem hér segir:

1. Í stað seinni málsliðar b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki eða notaður er límmiði í samræmi við ákvæði a-liðar.“

2. Við 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar 5. mgr. 3. gr. skulu tryggja að kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræi séu ekki háð neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni þeirra, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,

- a) ef það hefur staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnfræs,
- b) ef umbúðir þess eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og
- c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar:

— vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra

— tilvísunarnúmer vörueiningar

— tegund

— afbrigði

— merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“

— fjöldi ættliða fræja úr flokkunum „vottað fræ“ eða „vottað fræ á undan fyrsta ættlið“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

3. Í stað 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnfræja, vottaðra fræja af öllum tegundum eða sölufræja í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr., að leyfa í tiltekinn tíma sölu fræja í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða fræafbrigða sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skráum yfir afbrigði.“

4. 18. gr. verði 1. mgr. 18. gr.

5. Við 18. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af fræjum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi er sett á markað:

- a) tegund
- b) afbrigði
- c) flokkur
- d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar
- e) sendingarland
- f) innflytjandi
- g) magn.

Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr.“

6. gr.

Tilskipun frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja breytist sem hér segir:

1. Tilvísun til eftirtalinnna tegunda í A-hluta 1. mgr. 2. gr. falli niður:

„*Zea mays* convar. *microsperma* (Koern.) poppmaís“

„*Zea mays* convar. *saccharata* (Koern.) sykurmaís“.

2. Orðin „sykurmaís og poppmaís“ í a-lið F-hluta 1. mgr. 2. gr. falli niður.

3. Við 1. mgr. 7. gr. bætist eftirfarandi:

„Frá 1. júlí 1977 er leyfilegt að fyrirskipa, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., að frá tilteknum tíma verði stofnar ákveðinna matjurtategunda ekki lengur samþykktir nema á grundvelli opinberra athugana.“

4. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9.gr.

1. Aðildarríki mega samþykka stofna sem hafa verið opinberlega samþykktir á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 1970 án þess að gera frekari athuganir byggðar á meginreglum þessarar tilskipunar ef ljóst er frá fyrri athugunum að stofnarnir eru aðgreinanlegir, stöðugir og einsleitir. Athugun á einkennum sem eru ákvörðuð í samræmi við 2. mgr. 7. gr. skal vera lokið eigi síðar en 30. júní 1975.

2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að opinbert samþykki stofna veitt fyrir 1. júlí 1972 í samræmi við aðrar meginreglur en þær sem fram koma í þessari tilskipun falli úr gildi eigi síðar en 30. júní 1980 hafi umræddir stofnar ekki verið samþykktir samkvæmt meginreglum þessarar tilskipunar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. mega aðildarríkin, til 30. júní 1975, leyfa á yfirráðasvæði sínu markaðssetningu á stöðluðum fræstofnum sem ekki eru viðurkenndir opinberlega, hafi fræ af þessum stofnum verið markaðssett þar fyrir 1. júlí 1972“.

5. Við 2. mgr. 11. gr. bætist eftirfarandi:

„Þau skulu einnig, samkvæmt beiðni, senda lýsingu á sérstökum einkennum sem gera kleift að greina stofn frá öðrum svipuðum stofnum.“

6. Við 1. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi:

„Samþykki fyrir stofnum sem er veitt í aðildarríki fyrir 1. júlí 1972 gildir til 30. júní 1982 í mesta lagi.“

7. Í stað 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar liðnir eru tveir mánuðir frá birtingunni sem getið er um í 17. gr. skulu aðildarríkin tryggja að fræ stofna sem eru samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar eða í samræmi við meginreglur hennar séu ekki háð neinum markaðshindrunum hvað stofninn varðar.“

8. Í fyrsta málslið 17. gr. bætist, innan tilvitnunarkerkja, orðin „þegar liðir eru tveir mánuðir“ á eftir orðunum „fræ“.
9. Í stað seinni málsliðar b-liðar 1. mgr. 26. gr. komi eftirfarandi:
- „Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki eða notaður er límmiði í samræmi við ákvæði a-liðar.“
10. Við 30. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „3. Þau aðildarríki sem hafa kveðið á um undanþágur í samræmi við ákvæði a-liðar 4. mgr. 20. gr. skulu tryggja að kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræi séu ekki háð neinum markaðshindrunum hvað varðar einkenni þeirra, fyrirkomulag við athuganir, merkingar og lokun,
- a) ef það hefur staðist opinbert eftirlit lögbærra vottunaraðila í samræmi við ákvæði um vottfestingu stofnfræs,
- b) ef umbúðir þess eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og
- c) ef umbúðirnar eru með opinberum merkimiða þar sem fram koma að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar:
- vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra
 - tilvísunarnúmer vöruainingar
 - tegund
 - stofn
 - merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“
 - fjöldi fyrri ættliða fræja úr flokknum „vottað fræ“.
- Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“
11. Í stað 1. mgr. 33. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Til að komast hjá tímabundnum vanda við öflun stofnfræja, vottaðra fræja eða staðlaðra fræja í einu eða fleiri aðildarríkjum sem ekki er hægt að leysa innan bandalagsins má heimila einu eða fleiri aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., að leyfa í tiltek-
- inn tíma sölu fræja í flokki sem vægari kröfur gilda um, eða fræstofna sem ekki eru í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skráum yfir stofna.“
12. 35. gr. verði 1. mgr. 35. gr.
13. Við 35. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „2. Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar upplýsingar komi fram þegar meira en 2 kg af fræjum frá öðru aðildarríki eða þriðja landi er sett á markað:
- a) tegund
- b) stofn
- c) flokkur
- d) ræktunarland og opinberir eftirlitsaðilar
- e) sendingarland
- f) innflytjandi
- g) magn.
- Setja má nánari reglur um framsetningu þessara upplýsinga í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr.“
14. Við 1. mgr. 37. gr. bætist eftirfarandi:
- „Atriðið sem tekið er fram í c-lið á eingöngu við um framleiðendur.“
15. Í stað 42. gr. komi eftirfarandi:
- „42. gr.
- Að undangenginni umsókn aðildarríkis, sem fjallað verður um í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., má leysa það ríki að fullu eða hluta undan þeirri kvöð að beita ákvæðum þessarar tilskipunar, nema ef slíkt gæti verið andstætt ákvæðum 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 30. gr.:
- a) þetta á við um eftirtaldar tegundir:
- garðakerfill
- spergill

- blaðbeðja, strandblaðka
grænkál
blómkál
spergilkál
síkoría eða kaffifífill
vatnsmelóna
fennikka
surtarrót
- b) Þetta á einnig við um aðrar tegundir sem eru yfirleitt ekki ræktaðar eða markaðssettar á yfirráðasvæði þess.“
16. Allar tilvísanir til tegundanna *Zea mays* convar. *microsperma* og convar. *saccharata* í II. og III. viðauka falli niður.
17. Í stað 9. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:
„9. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi korna.“
18. Texti 3. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka verði sem hér segir:
„Mánuður og ár lokunar, ár lokunar á litlum pökkum“.
19. Orðin „sem eru innan við 100 grömm“ í 9. tölul. a-lið B-hluta IV. viðauka falli niður.
20. Í stað 10. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:
„10. Uppgefin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgefinn fjöldi korna, nema fyrir litla pakka sem eru innan við 500 grömm.“
7. gr.
- Tilskipun frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði breytist sem hér segir:
1. Í stað „1. júlí 1970“ í 3. mgr. 3. gr. komi „1. júlí 1972“.
2. Við 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi:
„Þau skulu einnig, samkvæmt beiðni, senda lýsingu á sérstökum einkennum sem gera kleift að greina einn stofn frá öðrum svipuðum.“
3. Við 1. mgr. 12. gr. bætist eftirfarandi:
„Samþykki fyrir stofnum sem er veitt í aðildarríki fyrir 1. júlí 1972 gildir til 30. júní 1982 hið lengsta.“
8. gr.
- Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að:
- a) ákvæðum 6. gr., að undanskildum 13. og 18. lið, og ákvæðum 7. gr. í síðasta lagi 1. júlí 1972;
- b) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar í síðasta lagi 1. júlí 1973.
9. gr.
- Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.
- Gjört í Brussel 6. desember 1972.
- Fyrir hönd ráðsins,
N. SCHMELZER
forseti.